

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 20. desember 2002 staðfest aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997 og aðalskipulag Kjalarness 1990-2010 frá 1. júní 1990.

*Umhverfisráðuneytinu, 20. desember 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*